




Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun **samstarfsráðherranna** **(MR-SAM) 2025–2030**



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Pólitískar áherslur	8
Markmið og undirmarkmið	10
Markmið 1: Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar stuðlar að Framtíðarsýn okkar 2030	11
Markmið 2: Aukin samþætting og hreyfanleiki á milli norrænu landanna	13
Markmið 3: Norræn sjónarmið verða tryggð á svæðinu og alþjóðavettvangi	15
Úttekt á samstarfsáætluninni	17
Um ritið	18

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu::
<https://pub.norden.org/politiknord2024-716>

Formáli



Jessica Rosencrantz, samstarfsráðherra Norðurlanda og Karen Ellemann, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar

Sú framtíðarsýn að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 er leiðarljós í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Samstarfsráðherrarnir hafa yfirumsjón með skipulagi þeirrar vinnu sem á að leiða til að framangreind markmið náist auk þess sem þeir eiga að sjá til þess að mismunandi svið vinni saman, fjallað sé um norræn málefni í ríkisstjórnnum aðildarlandanna og áformum ráðherranefndarinnar sé fylgt eftir.

Samstarfsáætlun MR-SAM, ráðherranefndar samstarfsráðherranna, fyrir árin 2025–2030 veitir leiðsögn um framkvæmdina á komandi árum. Skýrum pólitískum áherslumálum í anda framtíðarsýnarinnar er ætlað að efla aðgerðir og áætlanir á sviði ráðherranefndarinnar sem stuðla að norrænum lausnum, leiða fram nýja og eftirsóttá þekkingu og þróa frekar og styðja við mismunandi samstarfsform á norrænum vettvangi.

Sérstök áhersla er lögð á aðgerðir sem greiða fyrir hreyfanleika og samþættingu á Norðurlöndum og sést það á því að afnám stjórnsýsluhindrana og upplýsingamiðlun fær meira vægi. Það á að vera einfalt að búa, stunda nám og vinnu og reka fyrirtæki alls staðar á Norðurlöndum og þvert á landamærin. Íbúar og fyrirtæki njóta góðs af aukinni samþættingu og þar með löndin sjálf. Mikilvægt er að ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi svo að samkeppnishæfni og hagvöxtur batni en það er forsenda þess að norræn velferð og græn umskipti standi traustum fótum, bæði nú og síðar.

Öflugur mannlegur félagsskapur er ein af grunnstoðum norræna samfélagsmóðelsins. Allt til ársins 2030 verður bætt úr möguleikum almennasamtaka til að bera saman bækur sínar og taka að sér norræn verkefni. Í þessu sambandi er stuðningurinn sem veittur er börnum og ungmönnum til að láta að sér kveða í lýðræðislegu samfélagi afar mikilvægur.

Samstarfsáætlunin var samþykkt í skugga erfiðra úrlausnarefna á alþjóðavettvangi þar sem viðsjár eru miklar og mörgum finnst framtíðarhorfurnar ískyggilegar. Sjaldan

hefur öflugt samstarf norrænu landanna og sameiginleg stefnumörkun þeirra um sjálfbæra framtíð skipt jafnmiklu máli og nú.

Við norrænu samstarfsráðherrarnir hyggjumst sem fyrr viðhalda góðu samstarfi við nágranna okkar á Eystrasaltssvæðinu, norðurslóðum og Norður-Atlantshafi eins og berlega kemur fram í áhersluatriðum áætlunarinnar.

Enn fremur vegur þungt það stefnumið að halda úti góðri og traustri upplýsingastarfsemi um norræna samstarfið bæði innan og utan Norðurlanda. Skiptir sköpum að halda áfram að horfa út á við og fram á við til að gæta framþróunar og öryggis landssvæða okkar jafnt í dag sem á morgun.



Jessica Rosencrantz
samstarfsráðherra Norðurlanda



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Norræna samstarfsráðherranefndin, MR-SAM, ber höfuðábyrgð á starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Jafnframt tekur MR-SAM ákvörðun um pólitískar áherslur í áætlunum og verkefnum sem fjármögnuð eru í gegnum ramma samstarfsráðherranna. Framtíðarsýnin um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030 ásamt áherslusviðunum þremur sem lúta að grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum eru leiðarstef í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Ábyrgðarsvið MR-SAM snýst meðal annars um að taka ákvarðanir um:

- Almennar pólitískar áherslur í norrænu samstarfi ásamt eftirfylgni með árangri af þeim
- Skiptingu fjárveitinga á fjárhagsramma fagsviðanna ásamt fjárhagsforsendum fjárhagsáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar
- Pólitískar áherslur ásamt skiptingu fjárveitinga á fjárhagsramma MR-SAM

Undir ábyrgðarsvið MR-SAM fellur einnig að sjá Norrænu ráðherranefndinni fyrir skrifstofuaðstöðu. Skrifstofan og norrænu stofnanirnar gegna mikilvægu hlutverki til þess að uppfylla markmið framtíðarsýnarinnar. Skrifstofan leggur til þekkingu og gögn sem nauðsynleg eru til að vinna að þeirri stefnu sem samþykkt hefur verið í ráðherra- og embættismannanefndunum. Stofnanirnar eru mikilvæg tæki til þess að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem ákveðin hafa verið.

Skrifstofan og stofnanirnar skulu bera ábyrgð á því að tryggja rétta og viðeigandi umsýslu opinbers norræns fjármagns auk markmiða- og árangursstýrðs starfs sem skilar mælanlegum árangri.

Samskiptastarf skrifstofunnar og stofnananna skiptir höfuðmáli til þess að miðla upplýsingum um árangur af vinnu norræns samstarfs að framtíðarsýninni, jafnt innan Norðurlanda sem utan þeirra.

Samstarfsáætlun MR-SAM lýsir þeim hluta af ábyrgðarsviði MR-SAM sem varðar pólitískar áherslur samstarfsráðherranna og markmið fyrir tímabilið 2025–2030 skipt niður á þrjú almenn markmið. Í samræmi við þessi markmið er það sérstakt verkefni og ábyrgð MR-SAM að tryggja samræmda innleiðingu og upplýsingamiðlun varðandi framtíðarsýnina, að vinna að aukinni samþættingu innan Norðurlanda og tryggja norræn sjónarmið bæði innan Norðurlanda og á alþjóðavettvangi.

Vinnan á þessum þremur sviðum fer fram í gegnum ýmsar áætlanir og aðgerðir. Sem dæmi má nefna vinnuna við að veita almenningi og fyrirtækjum á Norðurlöndum upplýsingar um norrænt samstarf, stuðning við aðila borgaralegs samfélags og samstarf við aðila á grannsvæðum Norðurlanda.

Jafnframt á MR-SAM að tryggja að tekið sé tillit til hinna þverlægu sjónarmiða um sjálfbæra þróun, jafnrétti og börn og ungmenni og að þau sjónarmið séu rauður þráður

í allri starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar.

Í ferlinu við að vinna markmið, undirmarkmið, áætlanir og aðgerðir hefur Norðurlandaráði gefist kostur á að koma með innlegg og tillögur að áherslum á öllum þessum stigum fram að pólitískri ákvörðun um að taka samstarfsáætlunina upp.

Rætt hefur verið við borgarasamfélagið og aðra viðeigandi aðila, svo sem atvinnulífið og aðila vinnumarkaðarins, þegar það hefur átt við, og þeim gefist færi á að koma að ferlinu á mismunandi stigum, einkum með áherslu á beina útfærslu aðgerða innan þeirra áætlana sem MR-SAM fjármagnar.

Samstarfsáætlunin er stýrandi skjal við allt starf að áætlunum undir MR-SAM. MR-SAM samþykkti samstarfsáætlunina í september 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar að leggja sitt af mörkum til þess að uppfylla framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

**Norðurlönd eiga
að verða
sjálfbærasta og
samþættasta
svæði heims**



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þrjár.

Pólitískar áherslur

MR-SAM ber sérstaka ábyrgð á því að halda á lofti framtíðarsýninni, stefnumarkandi áherslusviðunum þremur og öðrum norrænum málefnum innan landanna og á norrænum vettvangi auk þess að tryggja að vinnunni sé fylgt eftir. MR-SAM leitast við að efla samstarfið með því að leggja sitt af mörkum til að skapa norrænnar lausnir, nýja þekkingu og vettvang fyrir norræna samvinnu.

Norðurlönd verða sífellt sjálfbærari og samþættari. Þó er enn verk að vinna eigi hið metnaðarfulla markmið framtíðarsýnarinnar að nást. Mikil vannýtt tækifæri eru til staðar á Norðurlöndum á sviði samþættingar og hreyfanleika svo hægt sé að starfa, stunda nám, stofna fyrirtæki eða flytja yfir landamæri norrænu landanna. Vinnan við að auka hreyfanleika og ryðja stjórnsýsluhindrunum úr vegi skiptir sérstaklega miklu máli fyrir aukinn hagvöxt, samkeppnishæfi og samstöðu. Þörf er á markvissara norrænu samstarfi á milli viðeigandi aðila svo að þessu markmiði sé náð.

Vinnan snertir mörg málefnasvið og með þverfaglegu samstarfi skapast skilyrði til þess að koma stjórnsýsluhindrunum og hreyfanleika á dagskrá stjórnmalanna. Hjá öðrum fagsviðum, svo sem innan málefna stafvæðingar-, byggðastefnu-, atvinnulífs-, vinnumála-, menntunar og félags- og heilbrigðismála, fer einnig fram þverfaglegt samstarf og unnið er að verkefnum sem ætlað er að skapa skilyrði fyrir aukinn hreyfanleika. Mikilvægt er að innan landanna sé unnið að viðeigandi málefnasviðum út frá norrænu sjónarhorni.

Til þess að auka samþættingu á Norðurlöndum þurfa íbúar þeirra sem vilja vilja búa, starfa eða stunda nám í öðru norrænu landi að hafa aðgang að upplýsingum. Sem dæmi um aðgerðir á því sviði má nefna stuðning Norrænu ráðherranefndarinnar við upplýsingagjöf til íbúa og fyrirtækja, meðal annars í gegnum upplýsingaþjónustur landamærasvæðanna og Info Norden. Þær stuðla að því að íbúar á Norðurlöndum fái upplýsingar þvert á landamæri ásamt leiðbeiningum á sínu eigin máli og á ensku og möguleika á að tilkynna um stjórnsýsluhindranir.

Borgarasamfélagið er grundvallarstoð í grasrót norræns samstarfs. Nánara samstarf norræns borgarasamfélags ýtir undir samþættingu Norðurlanda. Norræna ráðherranefndin styður við borgarasamfélagið á Norðurlöndum, meðal annars með aðgerðum á vegum MR-SAM í tengslum við stuðning við félagasamtök og samstarfsnet.

Þörf er á því að efla stuðning við borgarasamfélagið, til dæmis með auknum tækifærum fyrir félagasamtök til að sækja um styrki vegna norrænnar starfsemi.

Réttindi og sjónarmið barna og ungmenna eru mikilvæg í norrænu samstarfi og MR-SAM tryggir meðal annars fjárveitingar sem sérstaklega eru eyrnamerktaðar þessu málefnasviði og að börnum og ungu fólki sé veitt tækifæri til þess að hafa áhrif á ákvarðanir sem þau varða.

Eins og stöðu heimsmála er háttað um þessar mundir skiptir sköpum fyrir sjálfbær Norðurlönd að fyrir hendi sé öflugt norrænt samstarf á sviði samfélagsöryggis, þar með talið almannavarna og viðnámsþróttar. Starfið fer fram á ýmsum stigum jafnt innan ramma Norrænu ráðherranefndarinnar sem utan. Samstarfið um að tryggja aðfangaöryggi snertir mörg fagsvið.

Verkefni MR-SAM er að stuðla að skilvirkri upplýsingagjöf og að tekið sé tillit til norrænna sjónarmiða á þessu sviði í ríkisstjórnunum, ásamt því að fylgjast með vinnunni í ráðherranefndunum og á öðrum viðeigandi vettvangi.

Alþjóðlegt samstarf norrænu ráðherranefndarinnar stuðlar einnig að því að gera framtíðarsýnina að veruleika. Í samstarfi við skrifstofu ráðherranefndarinnar í Eyrstrasaltsríkjunum og aðra samstarfsaðila á grannsvæðum Norðurlanda og í öðrum heimshlutum er unnið að sameiginlegum norrænum aðgerðum og verkefnum sem byggjast á norrænum gildum. Þetta samstarf styrkir rödd Norðurlanda á alþjóðavettvangi.

Þegar Norðurlönd vinna saman og koma fram sem ein heild eykst sýnileiki norrænu landanna og slagkraftur þeirra á alþjóðavettvangi. Með því að fjalla um Norðurlönd sem eitt svæði í alþjóðlegum verkefnum þar sem norræn sendiráð vinna með einkageiranum skapast samlegðaráhrif sem auka samkeppnishæfni Norðurlanda til lengri tíma lítið.

”

Það þarf að vera einfalt að búa, stunda nám og vinnu og reka fyrirtæki á öllum Norðurlöndum og þvert á landamæri

Markmið og undirmarkmið

MR-SAM hefur tekið ákvörðun um markmið og undirmarkmið fyrir starfið á tímabilinu 2025–2030. Öll stefnumótun innan norræna samstarfsins er unnin með hinar pólitísku áherslur og skilvirka og rétta umsýslu opinbers norræns fjár að leiðarljósi. Það þýðir að á þessum markmiðum skuli byggja aðgerðir sem skila þeim árangri og hafa þau áhrif að ná fram þeim breytingum sem stefnt er að

Markmið 1: Starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar stuðlar að Framtíðarsýn okkar 2030



MR-SAM tekur þátt í að skapa norrænar lausnir sem nýtast með beinum hætti við að leysa úrlausnarefni á Norðurlöndum, skapa nýja þekkingu sem nota má við stefnumótun í norrænu löndunum og vettvang fyrir norræna samvinnu og tengja þannig aðila á svæðinu betur saman.

**Undirmarkmið
1.1:
Framtíðarsýnin
er leiðarstef í
starfsemi
ráðherra-
nefndarinnar**

Vinna fagsviðanna við samstarfsáætlanirnar og starfsáætlanirnar verður samræmd og henni fylgt eftir. Það verður meðal annars gert með því að styðja við og hvetja til samstarfs þvert á fagsvið og málefnasvið ásamt því að fylgja eftir þróun Norðurlanda í átt til þess að verða sjálfbært og samþætt svæði með hagtölum og vísum. Unnið verður áfram að innleiðingu hinna þverlægu sjónarmiða.

**Undirmarkmið
1.2: Starfsemi
ráðherra-
nefndarinnar
stuðlar að
viðnámsþolnara
og sjálfbærara
svæði**

Hvatt verður til öflugra norræns samstarf á sviði samfélagsöryggis, þar með talið almannavarna, afhendingaröryggis og viðnámsþols, innan fagsviða ráðherranefndarinnar. Eftirfylgni og skýrslugjöf um samstarf fagsviðanna og annað viðeigandi norrænt samstarf fer fram jafnóðum.

**Undirmarkmið
1.3: Virði og
árangur af
starfsemi
Norrænu
ráðherra-
nefndarinnar er
ríkisstjórnunum
og opinberum
aðilum skýr**

Samskiptaaðgerðir innan Norðurlanda sem utan þeirra verða auknar og miðaðar við markmið framtíðarsýnarinnar. Umræður á norrænum vettvangi verða auknar og vægi norrænna sjónarmiða innan ríkisstjórna landanna aukið og tryggt.

Markmið 2: Aukin samþætting og hreyfanleiki á milli norrænu landanna



**Undirmarkmið
2.1: Það á að
vera einfaldara
og eftirsóknar-
verðara fyrir fólk
að búa, stunda
nám eða vinnu
og reka fyrirtæki
í öðru norrænu
landi**

Vinnu að hreyfanleika og afnámi stjórnsýsluhindrana verður beint að stærri málum sem skipta sköpum varðandi samþættingu innan Norðurlanda. Um leið verður pólitískur stuðningur og samstarf við ráðuneyti í einstökum löndum og yfirvöld ásamt svæðisbundnum aðilum og atvinnulífinu eft. Upplýsingaaðgerðir sem beinast að almenningi og og fyrirtækjum verða styrktar svo auðveldara verði fyrir viðtakendur að finna réttar upplýsingar. Kunnátta í norrænum tungumálum verður eflað með markvissum aðgerðum.

**Undirmarkmið
2.2: Aukið
samstarf og
þekkingarskipti
fyrir aðila
borgara-
samfélagsins á
Norðurlöndum**

Samstarfið við borgarasamfélagið verður eflað með styrkjum til samskipta og norrænnar starfsemi fyrir félagasamtök.

**Undirmarkmið
2.3: Aukin
inngilding barna
og ungmenna á
Norðurlöndum**

Á inngildandi og sjálfbærum Norðurlöndum skipta aðgerðir sem gera öllum börnum og ungmennum kleift að þroskast, hafa áhrif á líf sitt og raunveruleg áhrif á samfélagsþróunina sköpum.

Markmið 3: Norræn sjónarmið verða tryggð á svæðinu og alþjóðavettvangi



MR-SAM stuðlar að því að auka vitund um norræn gildi, reynslu og lausnir með því að styðja við sameiginleg norræn verkefni, jafnt innlendis sem á alþjóðavísu.

**Undirmarkmið
3.1: Öflugra
svæðisbundið
samstarf og
þekkingarskipti
með
lykilaðilum í
löndunum, á
svæðinu og á
alþjóðavísu**

Í gegnum verkefnastarfsemi, þekkingarskipti og náð samstarf við grannsvæði Norðurlanda, og að einhverju leyti tiltekna heimshluta, er unnið að markmiðum framtíðarsýnarinnar utan Norðurlanda.

**Undirmarkmið
3.2: Norræn
gildi og
lausnir verða
kynntar í
löndum utan
Norðurlanda**

Norrænu löndin eru í fararbroddi hvað varðar græn umskipti, félagslega sjálfbærni og samkeppnishæfni og stuðla þannig að því að auka vitund um norræn gildi, reynslu og lausnir á alþjóðavísu. Sendiráð norrænu landanna eru mikilvæg í því verkefni að efla rödd Norðurlanda alþjóðlega.

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Skýrslum um árangur af áætlunum verður skilað jafnóðum til Norrænu samstarfsnefndarinnar / MR-SAM. Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Um ritið

Samstarfsáætlun Norrænu samstarfsráðherranefndarinnar (MR-SAM) 2025–2030

PolitikNord 2024:716

ISBN 978-92-893-7905-2 (PDF)

ISBN 978-92-893-7906-9 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-716>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Norden.org

Útgefið: Október 2024

Uppfært: Janúar 2025



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesið fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur